

Gróðursetning trjá- og runnaplantna



Úrval trjá- og runnaplantna hefur aukist til muna síðustu árin. Einnig hafa gæði plantna aukist, bæði innlend framleiðsla sem og innfluttar tegundir.

Mikilvægt er að standa rétt að gróðursetningu, velja plöntunum hentuga staðsetningu, m.t.t. vaxtarrýmis og sólar. Gott er að leita upplýsinga um hvort plönturnar séu skuggþolnar eða þurfi ríka sól, einnig skal taka tillit til jarðvegs og regnvatns, t.d. ekki staðsetja plöntur undir þakskyggni eða á öðrum þurrum stöðum. Eftirfarandi leiðbeiningar eiga við um helstu trjá- og runnategundir.

Rétti tíminn

Að öllu jöfnu er best að planta trjám og runnum á vorin og snemma sumars. Á tímabilinu júlí – september, þegar plönturnar eru í hvað mestum vexti, eru plöntur hvað viðkvæmastar fyrir flutningi og útplöntun. **Plöntur í pottum og með hnaus þola þó flestar vel útplöntun á þessu tímabili.** Útplöntun að hausti, áður en fer að frysta er einnig góður tími til gróðursetningar.

Hnaus- og pottaplöntur

Algengt er að plöntur séu seldar í pottum eða með striga / grisju um rótarhnausinn. Striga sem pakkað er utan um hnaus ber að losa eða skera í sundur, eftir að plantan er komin í holuna.

Striginn rotnar með tímanum en getur takmarkað rôtarrými og sært rótarháls sé hann ekki losaður.

Fyrir útplöntun er gott að undirbúa jarðveginn þar sem ætlunin er að gróðursetja. Gras og fjölært illgresi þarf að fjarlægja í um 50 cm radius frá stofni. Gott er að bæta jarðveginn með lífrænum eða tilbúnum áburði fyrir útplöntun (sjá í kafla um áburðargjöf).. Gott er að grafa holu sem er u.þ.b. tvisvar sinnum stærri að þvermáli

en rótarhnausinn á plöntunni. Losa þarf um jarðveg í botni og hliðum svo rætur geti vaxið óhindrað.

Áður en plantað er þarf að vökva hnausinn vel, t.d. er gott er að dýfa rótarhnausnum í vatn þar til hann er gegnblautur. Þegar rótarhnausinn er losaður úr potti eða striga þarf að losa um rætur og greiða úr þeim, sérstaklega ef þær eru samanflæktar eða vaxa í hring. Gæta þarf sérstaklega að rótum furu sem hafa tilhneigingu til að mynda svokallaða hringrót. Slíkar rætur eiga erfitt með að ná rótfestu. Séu rætur það langar að þær rúmast illa í holunni er best að stytta þær með greinaklippum. Aldrei má böggla eða vefja rótum niður í holuna.

Planta trénu í sömu dýpt og það hefur áður staðið. Yfirborð hnauss skal vera í sömu hæð og jarðvegsyfirborð.

Fylla í holuna með lausri og næringarríkri moldarblöndu. Moldinni þarf að þjappa vel að rótarhnausnum og mikilvægt er að hvergi sé loftrými við hnausinn.

Eftir útplöntun (og fyrstu vikunar eftir útplöntun) þarf að vökva vel en miða má við að vatn nái 20-30 cm niður fyrir yfirborð. Miða má við að þurfi 10-20 lítra á hverja plöntu en það er háð úrkomu.

Ef um stærri stofntré er að ræða er æskilegt að setja staur til uppbindinga á þessu stigi (sjá nánar í kafla um uppbindingar).

Berróta plöntur

Berróta plöntum er best að planta lauflausum, þ.e.a.s. á frostlausum tímabilum frá lauffalli í október til laufgunnar í maí. Sígrænum berróta plöntum er best að planta í apríl-maí eða ágúst-september.

Berróta plöntur, eru eins og nafnið ber með sér ekki með mold á rótum. Þær eru því afar viðkvæmar gegn sólarljósi og þurrki. Varast skal að láta rætur þorna, t.d. við flutning og við útplöntun þarf að skýla rótum gegn sólarljósi og vindi og halda þeim vel rökum. Ekki skal planta á sólskinsdegi, verði því við komið.

Við útplöntun skal að öðru leyti nota sömu aðferð og lýst er í útplöntun hnaus- og pottaplantna.

Bakkaplöntur

Í skógrækt og landgræðslu er gjarnan notast við svo kallaðar bakkaplöntur. Þær eru fremur smáar en bakkarnir eru breytilegir að stærð og innihalda mismikið af plöntum, þ.e. 24 - 35 - 40 - 67 stykkja. Oftast er útplöntun framkvæmd með plöntustaf en þá er mikilvægt að nota rétta hólkastærð, þ.e.a.s. að holan sem plöntustafurinn myndar passi fyrir hnaus bakkaplöntunnar. Hægt er að leigja plöntustafi hjá skógræktarfélagum og í mörgum tækjaleigum. Flestar bakkaplöntur eru harðgerðar og gera ekki miklar kröfur til jarðvegs eða næringar, þó er ávallt mikilvægt að huga vel að staðsetningu og áburður er mikilvægur til að plönturnar nái góðri rótfestu sem minskar einnig líkur á frostlyftingu. Nota má tilbúinn eða lífrænann áburð, en miða má við 10 – 20g á hverja plöntu.

Fyrir útplöntun er gott að dýfa bakkanum í vatn og láta ræturnar drekka í sig vatnið.

Samkvæmt ofangreindri lýsingu er æskilegt að framkvæma gróðursetningu í þessari röð:

1. Velja hentugann árstíma útplöntunar.
2. Huga að staðsetningu m.t.t. viðkomandi tegundar.
3. Grafa holu í samræmi við stærð rótarnhaus.
4. Gæta þess að sól nái ekki að skína á rætur.
5. Fjarlægja eða losa umbúðir um rótarnhaus.
6. Losa um rætur og stytta (sé þess þörf).
7. Gæta þess að plantan standi í sömu dýpt og hún áður stóð.
8. Koma fyrir staur til uppbindingar (sé þess þörf).
9. Moka mold að rótum og þjappa vel.
10. Vökva vel, 10-20 lítra á hverja plöntu.
11. Fylgja eftir vökvun.